Skipulagsstofnun

Kolviðarhólslína 1

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 25. febrúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti um fyrirhugaða endurnýjun Kolviðarhólslínu 1 milli tengivirkja á Kolviðarhóli og Geithálsi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veitna.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurnýjun á 220 kV Kolviðarhólslínu 1. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Landsnet, febrúar 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 22. mars 2021
- Mosfellsbæ dags. 31. mars 2021
- Reykjavíkurborg dags. 22. mars 2021
- Kópavogsbæ dags. 9. apríl 2021
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 15. mars 2021
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis dags. 22. mars 2021
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 11. mars 2021
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 19. mars 2021
- Minjastofnun Íslands dags. 17. mars 2021
- Veitum dags. 26. mars 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 9. apríl og 11. maí 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum Landsnets kemur fram að endurnýja þurfi Kolviðarhólslínu 1 á um 13 km kafla en línan liggur á milli tengivirkjanna á Kolviðarhóli og Geithálsi. Ástæða þess er að koma þarf fyrir sverari leiðurum og núverandi möstur eru komin til ára sinna og uppfylla ekki kröfur um burð mastra. Fram kemur að þegar tengivirkið á Kolviðarhóli hafi verið byggt árið 2006 hafi hluti línunnar verið endurbyggður beggja vegna við tengivirkið með byggingu nýs endamasturs og fjögurra nýrra burðarmastra á um 2 km kafla. Nýju möstrin fimm við Kolviðarhól og sex tvírásamöstur næst Geithálsi munu standa áfram, en alls verða 34 möstur endurnýjuð og reist á sömu undirstöðum.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 23.10 2026



Mynd 1 Kolviðarhólslína 1, línukaflinn sem verður endurnýjaður er einkenndur með rauðum lit. (Úr greinargerð).

Fram kemur í greinargerð Landsnets að við niðurrif verði möstrin felld í heilu lagi og bútuð niður á jörðinni og síðan flutt í burtu eftir núverandi línuvegi og málmurinn sendur í endurvinnslu. Til verksins verða notaðar sömu vinnuvélar og þarf við reisingu og munu þær strax í kjölfarið verða nýttar til að setja upp nýtt mastur. Nýju möstrin verða M stálgrindamöstur sambærileg í útliti og þau möstur sem fyrir eru og því mun ásýnd mastranna breytast lítið. Til greina kom að setja stálröramöstur sambærileg og finna má í nýlegum háspennulínum Landsnets en þar sem verið er að endurnýta undirstöður þurfa nýju möstrin að vera eins eða mjög svipuð núverandi möstrum, bæði í stærð og styrk. Það var einnig metið sem svo að ásýndarlegra væri það betra að vera bara með eina mastragerð á svæðinu. Þar sem jarðvegur hefur ekki næga burðargetu er þörf á vinnuplani við hvert mastur sem nýtist við reisingu masturs og strengingu leiðara. Þessi vinnuplön eru nú þegar til staðar og verða þau notuð við reisingu mastranna. Ekki er reiknað með að stækka núverandi mastraplön en mögulega þarf að lagfæra einhver þeirra og bæta í þau yfirborðsefni, sem fengið verður úr námum í nágrenninu með tilskilin leyfi. Fram kemur að framkvæmdin sé þannig svo til öll á þegar röskuðu landi og endurnýting undirstaða kemur í veg fyrir nokkurt jarðrask. Öll mastraplön, slóðir og aðkomuvegir eru jafnframt nú þegar til staðar. Á meðan á framkvæmdum stendur mun flutningur rafmagns færast yfir á aðrar línur flutningskerfisins.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

Fram kemur í greinargerð Landsnets að næst Kolviðarhóli liggi línan um vatnsverndarsvæði vatnsbólsins í Engidal á Hellisheiði þar sem hún sé á mörkum fjar- og grannsvæðis og síðan rúmlega km vestar kemur hún inn á vatnsverndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins og liggur mest alla leiðina að Geithálsi innan verndarsvæðisins þar af á rúmlega 6 km kafla innan grannsvæðis vatnstökusvæðisins í Fossvallaklifum. Fram kemur að Landsnet muni láta vinna áhættugreiningu m.t.t. vatnsverndar vegna framkvæmdanna í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Þar mun verða lagt mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar og í ljósi matsins lagðar til sértækar aðgerðir til að lágmarka hættu á mengun grunnvatns. Í áhættugreiningunni þarf að skilgreina aðgerðir sem draga úr áhættu á mengunarslysum og jafnframt viðbrögð komi til mengunaróhappa. Með hliðsjón

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

af áhættugreiningu sem gerð var vegna Sandskeiðslínu 1 (sem nú er Lyklafellslína 1, og unnið er að endurskoðun þeirrar greiningar) má gera ráð fyrir að í nýrri áhættugreiningu komi fram m.a. tillögur sem snúa að geymslu og flutningi á olíu og varasamra efna, ástandsskoðun vinnuvéla og ökutækja og takmörkunum á magni olíu sem farið verður með inn á svæði.

Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er óskað eftir frekari upplýsingum um zínkhúð nýju mastranna og mögulegum áhrifum mengunar á gróður og neysluvatn vegna flögnunar húðarinnar. Fram kemur að á vatnsverndarsvæðum sé eðlilegt að valin sé zinkhúð með sem allra lægstum styrk af blýi og kadmíum og það álit kemur fram að Landsnet eigi í útboði að gera kröfur um sem mestan hreinleika zínkhúðar á möstrum í þetta tiltekna verkefni sem ætlað er að standa í marga áratugi innan vatnsverndarsvæðisins.

Í svörum Landsnets kemur fram að í áhættugreiningu verði fjallað um mögulega mengun af völdum zinks og hvort tilefni sé til að vakta þá mengun og þá með hvaða hætti.

Fram kemur að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru nokkrar vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi á línuleiðinni en ekki verður um að ræða neitt rask á þessum vistgerðum eða gróðursvæðum almennt.

Fram kemur að þá verði engu búsvæði fuglategunda á framkvæmdasvæðinu raskað og að framkvæmdum loknum verður ástand svæðisins óbreytt frá núverandi ástandi. Á framkvæmdatíma gætu fuglar með hreiður alveg við línuvegi og mastraplön orðið fyrir truflun, en það eru að öllum líkindum fá varppör. Nýr leiðari verður örlítið sverari en núverandi leiðari sem gæti minnkað áflugshættu þar sem fuglarnir sjá hann betur.

Fram kemur að Svínahraun njóti sérstakrar verndar í samræmi við lög um náttúruvernd en ekkert frekara rask verður á hrauninu við fyrirhugaðar framkvæmdir og í heildina litið verður engum jarðmyndunum raskað. Þá mun fyrirhuguð framkvæmd ekki breyta núverandi ásýnd eða gildi landslagsins þar sem nýju möstrin verða á sama stað og núverandi möstur og sambærileg í útliti.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030 og Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarfélaga samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einungis lítill hluti Kolviðarhólslínu 1 er í landi Reykjavíkurborgar eða um 1,2 km frá tengivirkinu á Geithálsi að sveitarfélagamörkum við Mosfellsbæ. Ekkert af þeim 34 möstrum sem stendur til að endurnýja er staðsett í landi borgarinnar þannig að einungis skipting á leiðara fer þar fram og veitir Reykjavíkurborg framkvæmdaleyfi fyrir þeim hluta framkvæmdarinnar. Þá er framkvæmdin háð starfsleyfi heilbrigðiseftirlita fyrir byggingu og niðurrifi háspennulína innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurnýjun á 34 möstrum á 13 km kafla núverandi Kolviðarhólslínu 1 sem liggur á milli tengivirkjanna við Kolviðarhól og Geitháls. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02, sbr. lið 3.08 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda og sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá þarf að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Hér er um að ræða framkvæmd sem felst eingöngu í endurnýjun á möstrum og leiðurum þeirrar loftlínu sem fyrir er. Ekki verður um að ræða rask á gróðri eða á eldhrauni umfram það rask sem nú þegar hefur orðið vegna núverandi línu þar sem möstrin verða reist á undirstöðum sem eru fyrir og til staðar eru vinnuplön við hvert mastrastæði sem notuð verða við reisingu mastranna auk þess sem slóðar og aðkomuvegir eru nú þegar á framkvæmdasvæðinu. Þá liggur fyrir að notuð verða sams konar möstur og tekin verða niður þannig að ásýnd framkvæmdasvæðisins verður óbreytt. Leiðarar verða eitthvað sverari en ekki eru líkur á að þeir verði mikið sýnilegri en núverandi leiðarar en breiðari leiðarar kunna þó draga úr hættu á áflugi fugla.

Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan vatnsverndarsvæða, bæði fjar- og grannsvæða. Í ljósi þess mun Landsnet vinna áhættugreiningu þar sem skilgreint verður verklag og aðgerðir til að draga úr hættu á mengunarslysum og ennfremur viðbrögð, komi til mengunaróhappa. Að mati Skipulagsstofnunar eru helstu áhættuþættir fyrirhugaðrar framkvæmdar hvað varðar möguleg áhrif á vatnsverndarsvæði annars vegar hætta á að olía eða önnur mengandi efni berist frá vinnutækjum á framkvæmdatíma og hins vegar mengunarhætta vegna tæringar zinkhúðar á möstrum. Með hliðsjón af framlögðum gögnum Landsnets, umsögnum heilbrigðiseftirlita þeirra heilbrigðisumdæma sem línan fer um ásamt því að unnin verður áhættugreining telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að leiða til mengunar á grunnvatni.

Skipulagsstofnun bendir á að áhættugreining þarf að liggja fyrir við leyfisumsóknir og telur tilefni til að á grundvelli áhættugreiningarinnar verði sett skilyrði í starfsleyfi varðandi innihald zinkhúðar ásamt því að sett verði skilyrði um verklag og mótvægisaðgerðir sem miða af því að draga úr mengunarhættu á framkvæmdatíma.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. júní 2021.

Reykjavík, 14. maí 2021

Egill Þórarinsson Jakob Gunnarsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 23.10 2026